

FUNDARGERÐ SKÓLANEFNDAR

Fundur haldinn í skólanefnd Höfðaskóla þriðjudaginn 13. apríl 2004 klukkan 17:00 í húsnæði Höfðaskóla.

Mætt eru; Adolf H. Berndsen varamaður Gunnars Þór Gunnarssonar, Helga Bergsdóttir ritari, Kristján Steinar Kristjánsson, Fannar Viggósson varamaður Hólmgeirs Kristmundssonar, Þórarinn Grétarsson, Ingibergur Guðmundsson skólastjóri, Dagný Rósa Úlfarsdóttir aðstoðarskólastjóri, og Guðbjörg Ólafsdóttir fulltrúi foreldrafélags. Fulltrúi kennara mætti ekki á fundinn.

Dagskrá fundarins.

1. Skólastarfið á vetrarönn
2. Fjárhagsáætlun f. árið 2004
3. Staðan í ráðningarmálum
4. Skipurit fyrir skólann og verkaskipting stjórnenda – drög
5. Drög að skóladagatali f. 2004-2005
6. Önnur mál

Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Skólastarfið var lauslega rætt, en áhyggjuefni er að einungis 36% kennslunnar er í höndum réttindakennara. Ör kennaraskipti bæta þar ekki úr skák en ekki er útlit fyrir að breyting verði þar á. Adolf upplýsti um nefnd sem sett hefur verið á laggirnar af hreppsnefnd til að koma með tillögur um eflingu skólastarfsins. Í nefndinni sitja Ingibergur Guðmundsson skólastjóri, Magnús Jónsson sveitarstjóri og Birna Sveinsdóttir.
2. Ingibergur fór yfir fjárhagsáætlun og útskýrði ýmsa liði. Fram kom að skólahúsið verður málað í sumar. En óskir um fjármagn til ráðningu skólaliða og námsráðgjafa gengu ekki eftir.
3. Þrír starfsmenn skólans hætta í vor, 2-3 starfsmenn eru óákveðnir og einn eða tveir kennarar koma inn aftur eftir leyfi. Tveir starfsmenn eru í réttindanámi. Birt var auglýsing í Morgunblaðinu þann 4. apríl með umsóknarfrest til 25. apríl, þar sem óskað var efir kennurum. Lítil viðbrögð hafa fengist. Auglýst veður aftur í næstu viku og hugsanlega tvisvar í maí ef lítil eða engin viðbrögð fást við fyrri auglýsingum.
4. Sett hefur verið fram skipurit fyrir skólann. Þetta er m.a. gert til að skilgreina starfssvið starfsmanna og ábyrgðir hvers og eins, og hvar tengingar eru milli starfssviða. Jafnframt var sett fram verkaskipting stjórnenda í Höfðaskóla.
5. Gerð var könnun meðal foreldra um vetrarfrí þar sem fram kom fram að 80% þeirra sem svöruðu vilja hafa vetrarfrí og að vetrarfríið verði í febrúar. Jafnframt kom fram að foreldra vilja hafa árshátíðina eftir áramót. Drög að skóladagatali næsta árs var sett upp með tilliti til þessara niðurstaðna. Í drögunum er gert ráð fyrir að skólasetning verði 23. ágúst, vetrarfrí í febrúar í lok vetrarannar, árshátíð í mars og skólaslit 3. júní 2005. Tillaga kom um að setja söngvakeppnina inn í skóladagatalið. Skóladagar nemenda verða 180, sérstakir starfsdagar kennara eru 5 auk annarra stafsdag í upphafi og lok skólaársins. Fram kom ánægja með söngvakeppnina og það þurfi að festa hana í sessi. Umræður urðu um undirbúning árshátíðar, hvort hann gæti verið betri og hafist fyrr.

2004-04-13-10

Skólanefnd Höfðahrepps
Fundagerðir

6. Ingibergur lagði fram upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um námskeið sem verður á Blönduósi 8. maí fyrir skólanefndarmenn.

Fundargerð var skráð í tölvu, lesin upp og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum í lok fundarins. Fundi slitið kl. 19:00

Adolf H. Berndsen

(Sign)

Helga Bergsdóttir

(Sign)

Ingibergur Guðmundsson

(Sign)

Guðbjörg Ólafsdóttir

(Sign)

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

(Sign)

Kristján Steinar Kristjánsson

(Sign)

Fannar Viggósson

(Sign)

Pórarinn Grétarsson

(Sign)